

HÖSKULDUR ÞRÁINSSON

Þrjú eyru

1. Inngangur

Í þessari grein verður rætt um þrjú „eyru“, eða réttara sagt þrenns konar eyru: **tóneyra**, **máleyra** og **brageyra**.¹ Orðin *tóneyra* og *brageyra* eru auðvitað vel þekkt í daglegu tali en *máleyra* síður. T.d. finnast aðeins 10 dæmi á *Tímarit.is* um *máleyra* en 769 og 807 um *tóneyra* og *brageyra* þegar þetta er ritað. Gróf leit með *Google* bendir í sömu átt: *máleyra* er frekar sjaldgæft orð en hin tvö ekki. Í þessu spjalli verður skoðað hvað þau fyrirbæri sem þarna eru nefnd eiga sameiginlegt og hvað er ólíkt með þeim. Markmiðið er einkum að varpa nokkru ljósi á tvö síðarnefndu eyrun (*máleyra* og *brageyra*) með því að bera þau saman og máta þau við *tóneyra*. Þess vegna verður fyrst örlítill upprifjun um *tóneyra* og eðli þess, síðan rætt um *máleyra*ð og svo *brageyra*ð í framhaldi af því. Í lokin eru svo nokkur atriði dregin saman til umhugsunar og e.t.v. frekari umræðu.

2. Tóneyra

2.1 Skilgreining

Þegar sagt er að menn „hafi *tóneyra*“ er yfirleitt átt við það að þeir eigi sémilega auðvelt með að greina mismunandi tónhæð (e. *pitch*) og geti þess vegna til dæmis raulað lög án þess að vera „falskir“ eins og það er kallað — og þá um leið heyrt ef aðrir syngja eða spila falskt. Þessi hæfileiki er þó ekki einfaldlega annaðhvort/eða og þess vegna er orðið *tóneyra* mjög oft notað með lýsingarorðum. Ef leitað er á *Tímarit.is* að *tóneyra* innan gæslalappa (þ.e. beygingarlýsingin ekki notuð) finnast alls 637 dæmi og það elsta er frá 1938. Ef síðan er leitað að orðasamböndunum að *hafa* (*ekki/ekkert*) *tóneyra* (í öllum persónum og báðum tölum og nútíð) og síðan skoðuð sambönd með völdum lýsingarorðum fæst sú niðurstaða sem sýnd er í *töflu 1*:

¹ Ég þakka Haraldi Bernharðssyni ritstjóra fyrir gagnlegar athugasemdir við upphaflega gerð þessarar greinar.

	Dæmi alls	hafa eða hafa ekki	gott	næmt	frábært	öruggt	lélegt	ofur- næmt	ná- kvæmt	slæmt
tóneyra	637	33	151	126	6	4	3	2	1	1

Tafla 1: Fjöldi dæma um orðið „tóneyra“ á Tímarit.is og nokkur lýsingarorð sem þar standa með því.


Eins og sjá má af þessu stundum einfaldlega talað um að „hafa (eða hafa ekki) tóneyra“ eins og það sé spurning um af eða á, en oftast eru höfð metandi lýsingarorð með og þá eru þau oftast jákvæð. Auk þessa má finna sjö dæmi á Tímarit.is um orðasambandið *fullkomið tóneyra*, en með því er yfirleitt átt við tiltekinn hæfileika sem fáum er gefinn. Hann felst einkum í því að geta greint tóna án nokkurrar viðmiðunar, þekkja t.d. hvort ákveðinn tónn sleginn á píanó er *c* eða *a* — og geta þá líka sungið tiltekinn tón „eftir pöntun“. Því hefur verið haldið fram að aðeins einn af hverjum 10.000 hafi þennan hæfileika (sjá t.d. Sacks 1995:621).

Það er sem sé óumdeilt að fólk hefur misjafnlega gott eða næmt tóneyra. Þeir sem eru neðst á þeim skala eru gjarna kallaðir **laglausir** (e. *tone deaf*). Sumir hafa þó haldið því fram að laglaust fólk sé ekki til (nema þá þeir sem hafa orðið fyrir einhvers konar heilaskaða) og allir búi yfir þeim hæfileika að greina á milli tóna þótt menn séu misnæmir á þessu sviði. Allir geti aukið þessa hæfileika með markvissri þjálfun, líka þeir sem eru taldir laglausir. Vegna þessa hafa söngkennarar stundum boðið söngnámskeið fyrir „laglausa“.² Þeir sem eru í vafa um hæfileika sína á þessu sviði eða vilja fá staðfestingu á þeim geta fundið viðeigandi próf á Netinu.³

Rannsóknir og reynsla styðja þá fullyrðingu að fólk geti bætt tóneyra sitt með markvissri þjálfun, en rannsóknarnamen hafa líka reynt að skilgreina þau mörk sem gætu réttlætt það að kalla tiltekinn hóp fólks laglausan. Rannsóknahópur við Harvard Medical School og Beth Israel Deaconess Medical Center í Boston er meðal þeirra sem fást við eðli tónskynjunar og reyna að staðsetja sem best þær heilastöðvar sem þar skipta máli. Þessi hópur hefur hefur líka gert tilraun til að meta hve hátt hlutfall fólks er laglaust. Niðurstöður úr þeim tilraunum eru dregnar saman á mynd 1 (sjá http://musicianbrain.com/td_faq.htm):

² Áhugasamir geta auðveldlega fundið slík námskeið með því að leita á Netinu. Ég kann ekki við að vera að auglýsa einstök námskeið eða tiltekna kennara hér.

³ Sjá t.d. <http://www.musicianbrain.com/pitchtest/> og <http://tonedeafest.com/>.



Mynd 1: Skynmörk (í Hz) í aðgreiningu tóna hjá rúmlega 33 þúsund þátttakendum.

Tölurnar lárétta ásnum eiga að sýna hversu mikinn tíðnimun þarf til svo að viðkomandi geti greint mun á tónum og tölurnar á lóðrétta ásnum vísa til fjölda. Samkvæmt því má t.d. sjá að af þeim um það bil 33 þúsund þátttakendum sem höfðu tekið þátt í tilrauninni þegar myndin var gerð eru það nálega 3.000 (1.000 + 2.000, eða tæp 10%) sem geta heyrt mun á tíðni tóna þótt hann sé minni en 2 Hz, en fyrir flesta þarf munurinn að vera svona 2–8 Hz. Samkvæmt þeirri skilgreiningu sem þarna er sett fram eru þeir kallaðir **laglausir** (e. *tone-deaf*) sem ekki geta greint mun á tónhæð nema hann samsvari a.m.k. 32 Hz, en það jafngildir hálfþónsbili í þeirri tilraun sem þarna er greint frá. Þá sem geta ekki greint þennan mun nema hann sé á milli 16 og 32 Hz (svona helmingurinn af hálfu tónbili) í tilrauninni sem um ræðir mætti þá kalla **hálflaglausa** eða **lagvalta** (e. *slightly tone-deaf*). Miðað við þetta voru 7% þátttakenda í tilrauninni laglausir og 9% lagvaltir, eftir því sem segir í skýringum við myndina á uppgefninni slóð (það er ekki auðvelt að lesa það nákvæmlega út úr myndinni eins og hún birtist hér). Samtals voru þá 16% laglausir eða lagvaltir. Aðrir hafa haldið því fram að hlutfall laglausra (þ.e. *tone-deaf*) væri lægra en þetta, kannski bara 4% (sjá t.d. Peretz o.fl. 2007). Hlutfallstalan fer auðvitað eftir því við hvað er miðað og þótt hægt sé að mæla tónnæmi á ýmsan hátt er vert að hafa í huga að í daglegu tali er orðið *laglaus* áreiðanlega notað býsna frjáltslega og margir telja sig laglausa þótt þeir myndu áreiðanlega skora hærra á tónaðgreiningarprófum en þessi 4% sem Peretz og félagar

voru að vísa til (2007). Kannski var þar um að ræða fólk sem mætti kalla „tónheyrnarlaust“ en „laglausir“ gætu þá verið þessi 16% sem áður voru nefnd.⁴ En aðalatriði þessarar umræðu er þó það að hæfileikinn til að greina á milli tóna á sér tiltekinn samastað í heilanum og mönnum er þetta misvel gefið. Auk þess virðist almennt talið að þeir sem alast upp við mikið „tónlistarlegt áreiti“ þrói með sér næmara tóneyra en þeir sem gera það ekki, auk þess sem slíkt uppeldi geti haft jákvæð áhrif á heilann á ýmsan annan hátt (sjá yfirlit yfir rannsóknir á þessu sviði hjá Miendlarzewska og Trost 2014).

2.2 Tónfall, máltónar og lagleysi

Breytileg tónhæð getur skipt máli í tungumálum, m.a. íslensku (sjá umræðu hjá Kristjáni Árnasyni 2005:456 o.áfr. og í ritum sem þar er vísað til). Íslenskir málnotendur myndu t.d. ekki segja setningarnar í (1) með sama tónfalli þótt orðin séu þau sömu:

- (1) a. Kristján er Norðlendingur.
- b. Kristján er Norðlendingur?

Dæmi (1a) er einföld staðhæfing en spurningarmerkið í (1b) á að sýna að þar sé um að ræða spurningu sem er þá væntanlega blandin nokkurri undrun, svona líkt og spurt væri *Er Kristján virkilega Norðlendingur?* Tónfall skiptir sem sé verulegu máli í íslensku. Í ýmsum öðrum málum eru orðbundnir tónar (e. *lexical tones*) merkingargreinandi, t.d. í kínversku og mörgum Afríkumálum (sjá t.d. Yip 2002). Í kínversku merkir atkvæðið *ma* þannig ýmist 'móðir', 'hampur', 'hestur' eða 'skamma' (so.) eftir því hvers konar tón það ber (háan, rísandi, fallandi-rísandi eða fallandi).

Ein þeirra spurninga sem menn hafa velt upp í sambandi við lagleysi er sú hvort þeir sem eiga erfitt með að greina sundur tóna í tónlist eða nota þá (eru sem sé laglausir) geti skynjað og notað tónfall á eðlilegan hátt og hvort þeir geti talað og skilið mál þar sem orðbundnir tónar skipta máli. Það mætti ímynda sér að laglausir ættu erfitt með þetta. Svo virðist þó yfirleitt ekki vera. Ein ástæðan gæti verið sú að „tónbílín“ (þ.e. sá munur á munur á tónhæð sem skiptir máli), séu yfirleitt grófari í tungumálum en í tónlist. Þess vegna geti þeir sem myndu t.d. flokkast sem laglausir eða

⁴ Hér má líka nefna að Dalla Bella og félagar (2011:1) segja að svona 10–15% fólks séu það sem þau kalla „poor singers“, en með því eiga þau við þá sem eiga erfitt með að halda lagi í söng.

lagvaltir á kvarðanum á mynd 1 nýtt sér tónfall og orðbundna tóna í tungumálum. Önnur ástæða gæti verið sú að ekki sé alveg beint samband á milli þess tónnæmis sem skiptir máli í söng og þess sem fólk þarf að reiða sig á í tali (sjá t.d. Dalla Bella, Berkowska og Sowiński 2011). Í þessu sambandi má þó nefna að lagleysi virðist reyndar vera tiltölulega sjaldgæft meðal þeirra sem alast upp við tónamál (sjá t.d. Pfordresher og Brown 2009). Skýringin á þá að vera sú að börn sem alast upp við tónamál þrói með sér hæfileikann til að greina á milli máltónanna og það næmi geti svo aftur komið þeim að einhverju leyti til góða á tónlistarsviðinu, ef svo má segja, jafnvel þótt kröfurnar séu meiri þar. Þetta er m.a. áhugavert í því ljósi að oft er því haldið fram að úrvinnsla málhljóða sé tiltölulega sérhæft og einangrað fyrirbæri.⁵

2.3 Tóneyra, tóntegundir og tónlistarform

Sú tónlistartegund sem fólk elst upp við hefur áhrif á tóneyra þess á ýmsan hátt. Þannig geta líklega flestir heyrt þann blæmun sem er á tóntegundunum dúr og moll þótt þeir hafi ekki lært neitt í tónfræði, en fólk auðvitað ekki lýst þessum mun formlega án þess að hafa lært einhverja tónfræði. Tilfinning fyrir einföldum tónlistarformum getur líka myndast við endurtekna hlustun án beinnar tilsagnar. Ef einhverjum ólærðum áhugamanni um tónlist dettur í hug að semja einfalt lag, kannski með það í huga að senda það í einhvers konar dægurlagakeppni, er hann þannig vis til að hafa það með sniðinu A-A-B-A, þ.e. þannig að fyrst kemur kafli af gerð A, síðan er sá kafli endurtekinn, þá kemur kafli sem er öðruvísi (gerð B) og loks er A-kafllinn endurtekinn. Ástæðan er sú að mjög mörg dægurlög eru með þessu sniði, t.d. gamlir slagarar eins og „Lóa litla á Brú“, „Kötukvæði“ eða vinsæl erlend lög eins og *Over the Rainbow* eða *Crazy*. Þess vegna síast formið inn í hlustendur að einhverju leyti. Á líkan hátt fá þeir sem hlusta eitthvað að ráði á blúslög með hinu hefðbundna tólf takta sniði tilfinningu fyrir því formi. Þeir geta þá jafnvel samið lög samkvæmt því þótt þeir geti ekki lýst því á (tón)fræðilegan hátt hvernig það er (þ.e. I x 4, IV x 2, I x 2, V x 1, IV x 1, I x 2, til dæmis CCCC + FF + CC + G + F + CC).

Loks er vert að ítreka að hafi menn tóneyra (þ.e. „hafi lag“) heyra þeir þegar aðrir syngja eða spila falskt og það sker ónotalega í eyru þeirra. Þeir sem hafa tóneyra eru yfirleitt sammála um hvort söngur sé falskur eða

⁵ Ég þakka Haraldi Bernharðssyni fyrir þessa ábendingu.

ekki nema frávikin frá hinu rétta lagi séu mjög lítil. Þá reynir á það hversu næmt tóneyrað er því sumir eru næmari á slík frávik en aðrir (sbr. líka *mynd 1*). En ef menn eru að hlusta á tónlist þar sem tónlistarmaðurinn fylgir ekki hefðbundinni laglínu af neinu tagi **og á ekki að gera það**, t.d. rapptónlist, er það ekki truflandi fyrir tóneyrað.⁶

3. Máleyra

3.1 Skilgreining

Með orðinu *máleyra* virðist yfirleitt vera átt við það sem líka er kallað *máltilfinning*. Þetta má sjá af þeim dæmum sem fundust á *Tímarit.is* (feit-letrun mín):

- (2) a. Mun þessi orðnautn einkenna flesta, er gefið er **næmt máleyra** (Sigurður Guðmundsson 1916:9).
- b. Hann hefir mikla leikhæfileika. Margt bendir til þess, t. d. það hve maðurinn hefir alveg óvenjulega **gott máleyra** (*Morgunblaðið* (Auka-blað), 14. mars 1926, bls. 6).
- c. Það **alþýðlega máleyra**, sem þarf til að skapa lifandi persónur og láta þær hugsa og tala þannig, að þær verði hvorttveggja í senn: sérstæðar og almennar (Guðmundur Gíslason Hagalín 1932:2).
- d. Það er sitt hvað, að vera málfræðingnr og að hafa **næmt máleyra**, en það hafði Geir Zoëga, þó málfræðingur væri, og við orðabókargerð er það meira virði, en þó að menn reiði ýmsa málfræðilega þekkingu í bak og fyrir, enda er verðmæti slíkrar þekkingar í heild sinni oft vafasamt (G.J. 1933:2).
- e. Hafi menn óspilt söngeyra, þá heyra þeir, ef annaðhvort þeir sjálfir, eða aðrir, syngja „falskt“ og leiðrjetta það, ef þeir eiga þess kost. Þjóðin hefir treyst „**máleyra**“ sínu og byggt trú sína á viðhald tungunnar á því að þessi „heyrn“ gæti eigi sýkst (Eiríkur Kjerulf 1947: 146).
- f. Það ljóðakyns, sem unglingar nútímans læra ótilkvaddir eru danskvæðin, sem forfeður vorir nefndu svo, en nú kallast „dægurlagatextar“. Margt af því tagi virðist mér ámáttkasta kjaftæði. Mörg

⁶ Í rapptónlist skipta áherslur, taktur og tónfall meginmáli en flytjandinn eltir ekki tiltekna laglínu þótt stundum fylgi einhvers konar undirleikur. Að því leyti minnir rapp meira á talað mál en hefðbundna tónlist.

lögin eru sjálfsagt þannig, að erfitt er að pína íslenskt mál undir hljóðfall þeirra. Mig skortir vit á sönglist, en hefi **næmt máleyra** (Þórunn Guðmundsdóttir 1960:9).

- g. Ingvar á Bjalla er maður greindur vel, fróður í sögu og þjóðhátum, hefur **næmt máleyra** og kann vel að segja frá (Magnús Árnason 1965:8).
- h. Um mál og stíl þessarar bókar er óþarft að fara mörgum orðum. Þótt sitthvað megi að hvoru tveggja finna, ber hins að minnast, að erindi hennar til fólks er allt annað en að gleðja **máleyra** þess (V.S. 1973:19).
- i. **Mitt máleyra** gerir greinarmun á öruggum og sannfærandi sigri sem ég er ekki viss um að íþróttافرéttamenn geri alltaf sjálfir (Þorgeir Tryggvason 2011).
- j. En það er of mikið um að fólk sem **hefur ekki máleyra**, ef svo má segja, vinni að því er virðist eftirlitslaust (Eiður Svanberg Guðnason 2012:16).

Eins og sjá má af þessum dæmum er algengt að nota eitthvert (jákvætt) lýsingarorð með *máleyra*, einkum þó *næmt*. Að því leyti minna flest dæmin á það sem áður var sagt um notkun og merkingu orðsins *tóneyra*: Þarna er yfirleitt gert ráð fyrir því að gott eða næmt máleyra sé hæfileiki sem ekki er öllum gefinn, líkt og gott eða næmt *tóneyra*. Í síðasta dæminu er m.a.s. gert ráð fyrir því að sumir hafi alls ekki máleyra (þótt þeir séu auðvitað ekki mállausir!), svona líkt og sumir geta verið laglausir. Í *e*-dæminu er líka beinlínis vísað til tónlistar og *tóneyra* („söngeyra“) sem hliðstæðu.

Í *i*-dæminu gægist þó fram svolítið önnur merking. Þar er nefnilega átt við það að samkvæmt máltilfinningu viðkomandi sé merkingarmunur á orðasamböndunum *öruggur sigur* og *sannfærandi sigur* en jafnframt látið að því liggja að ekki sé víst að allir deili þessari máltilfinningu. Hér er sem sé vikið að því að ekki hafa allir sams konar „máleyra“ í þessum skilningi. Hér hefði líka verið hægt að segja **Í mínu máli er greinarmunur á ...**, sbr. eftirfarandi dæmi (hér tekin frá Höskuldi Þráinssyni 2013:65):

- (3) a. **í mínu máli** eru þessi orð ekki til í þeirri merkingu [...] (Þjv. 1955)
- b. **í máli þeirra**, sem lengi hafi dvalizt erlendis (Mbl. 1962)
- c. sögnin þora tekur **í máli sumra** með sér andlag í þolfalli [...] (Skirnir 1999)
- d. **Í mínu máli** þýðir þrjú álegg bara 'þrjú egg úr áli' (Netið)

Hér mætti eins segja *samkvæmt minni máltilfinningu* eða *samkvæmt máltilfinningu þeirra/sumra* — eða þá nota orðið *máleyra* í þeirri merkingu sem kemur fram í dæmi (2i).

Ef grannnt er að gáð kemur nefnilega í ljós að orðið *máltilfinning* hefur a.m.k. tvenns konar merkingu.⁷ Annars vegar merkir það þá tilfinningu fyrir málinu sem síast inn í meðvitund barna á máltökuskeiði (þ.e. á því tímabili sem börnin eru að tileinka sér málið) og gerir þeim kleift að skilja málið og nota það „eins og innfæddir“. Þessa tilfinningu, eða kunnáttu, öðlast börn af því að heyra málið í kringum sig, fá mállegt áreiti eins og það er kallað, og þetta gera þau að mestu leyti án tilsagnar. Öll eðlileg börn hafa hæfileikann til að tileinka sér mannlegt mál á þennan hátt og þetta gera þau við eðlilegar aðstæður á svonefndu máltökuskeiði eða næmiskeiði (e. *critical period*) (sjá t.d. umræðu hjá Sigríði Sigurjónsdóttur 2005 og 2013 og í ritum sem þar er vísað til). Það merkir hins vegar ekki að sú máltilfinning sem börn tileinka sér með þessu móti sé eins hjá þeim öllum og þess vegna getum við sagt *samkvæmt minni máltilfinningu* eða *í mínu máli* og gerum þá ekki endilega ráð fyrir að allir deili þessari tilfinningu í smáatriðum. Þessa tilfinningu mætti kannski kalla *grunntilfinningu* og það er hún sem gerir okkur kleift að tala málið og skilja það, jafnvel þótt hún geti verið svolítið breytileg frá einum einstaklingi til annars. Þetta samsvarar þá merkingunni í *máleyra* í (2i) hér fyrir ofan.

Það er mikilvægt að staldra aðeins við þetta og gefa fáein dæmi til skýringar. Í eftirfarandi setningum á skástrikið að sýna að sumir myndu velja annan kostinn en aðrir hinn:

- (4) a. Ég þori **það/því** vel.
 b. Hann nennir **því/þess** ekki.
 c. Leigjendurnir höfðu rústað **íbúðina/íbúðinni**.
 d. Fuglarnir **verptu/urpu** seint.
 e. Það voru tvær **síldar/síldir** í matinn.
 f. **Guðmund/Guðmundi** langar í bjór.
 g. **Það** var skammað **hana** fyrir þetta/**Hún** var skömmuð fyrir þetta.

Þessi tilbrigði eru áreiðanlega misalgeng og tíðni sumra þeirra hefur reyndar verið könnuð (sjá Höskuld Þráinsson, Ásgrím Angantýsson og Einar Frey Sigurðsson (ritstj.) 2015). Í þeirri könnun kom m.a. fram að í sumum tilvikum getur sami málnotandinn sætt sig við hvorn kostinn sem

⁷ Annars staðar hef ég reyndar talað um þrenns konar máltilfinningu (Höskuldur Þráinsson 2000), en tvær duga okkur hér.

er þótt annar sé honum kannski tamari en í öðrum tilvikum finnst málnotendum bara annar kosturinn koma til greina. Það merkir þá að hinn sker í eyru þeirra, líkt og gerist þegar hlustað er á falskan söng. En ólíkt því sem á við um tóneyrað eru málnotendur oft ósammála um það hvor kosturinn „sker í eyru“.

Þau tilbrigði sem hér voru tekin dæmi um eru samað eðlis að því leytir að þau eru öll til vitnis um breytileika í máleyranu, breytileika í þeirri grunntilfinningu sem þróast hjá málnotendum á máltökuskeiði. Mikilvægt er að halda því til haga að þessi tilbrigði í grunntilfinningunni, þessi munur á máleyra manna í þessum skilningi, eru viðurkennd að einhverju leyti: Það er gengið út frá því sem vísu að einn segi hlutina á þennan hátt en annar á hinn. Að vísu er það svo að stundum nýtur annað tilbrigðið meiri viðurkenningar í málsamfélaginu en hitt, en slíkt getur þó verið tilviljanakennt og breytilegt frá einum tíma til annars.⁸ En svo er auðvitað fjölmargt sem enginn myndi setta sig við. Enginn sem hefur íslensku að móðurmáli fellir sig við **Ég þori þess ekki*. Þar ber máleyrum allra saman og það er þá samdóma álit allra að þetta sé „falskt“.⁹

En málnotkun í ræðu og riti byggist ekki bara á þessari grunntilfinningu fyrir málinu. Fólk er nefnilega misvel „máli farið“, hefur misnæma tilfinningu fyrir því hvað fer vel í máli, hvað á við í tilteknu málsniði o.s.frv. Það er þessi tilfinning sem flest dæmin um *máleyra* í (2) vísa til og þess vegna er þar gjarna talað um *næmt máleyra* eða *gott máleyra*. Og þegar Eiður Svanberg segir (í dæmi (2j)) að sumt (fjölmíðla-)fólk „hafi ekki máleyra“ á hann ekki við að það hafi ekki þá grunntilfinningu fyrir málinu sem börn öðlast á máltökuskeiði heldur að það hafi ekki nægilega góða tilfinningu fyrir því hvað fer vel, hvað er við hæfi í því málsniði sem við á í fjölmíðlum o.s.frv. Þessa tilfinningu mætti kannski kalla **framhalds-tilfinningu** eða **viðbótartilfinningu**¹⁰ og hana má þjálf og bæta. Það er t.d. gert í skólum og við það geta menn öðlast betra eða næmara *máleyra* (sjá t.d. umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni 2000, 2014a).

⁸ *Íslensk orðabók* (2002) nefnir sum þessara tilbrigða. Stundum er ekki greint á milli þeirra (t.d. *síldar/síldir*), stundum er annað haft innan sviga, væntanlega til að sýna að það sé sjaldgæfara (t.d. *þora e-ð (e-u)*) og stundum er tekið fram að annað þyki ekki gott mál (t.d. *langa*: „notkun með þágufalli er allgeng en ekki talin gott mál“).

⁹ Þetta orðalag tók ég að láni úr athugasemd frá Haraldi Bernharðssyni, enda var það eins og talað út úr mínu hjarta.

¹⁰ Hér með er óskað eftir því að einhver með næma máltilfinningu finni betri orð yfir þetta.

3.2 Máleyra og málleysi

Allt frá því á 19. öld a.m.k. hafa vísindamenn vitað að málið „á heima“ á tilteknum stöðum í heilanum. Heilaskaði á ákveðnum stað getur valdið ýmiss konar málstoli, ýmist skilningsstoli eða tjástoli, og slíkur skaði gefur þá vísbendingar um staðsetningu málstöðvanna og verkaskiptingu þeirra (sjá t.d. umræðu hjá Sigríði Magnúsdóttur 2005). Ýmiss konar tækni hefur líka gert vísindamönnum kleift að fylgjast með því hvaða heilastöðvar virkjast við mállegt áreiti eða þegar fólk talar (sjá t.d. yfirlit hjá Ahlsén 2006). Við getum því sagt með vissu að „máleyrað“ tengist tilteknum heilastöðvum og við höfum góða hugmynd um hvar þær eru, þótt enn sé ýmislegt óljóst um samspil þeirra og sérhæfingu.

4. Brageyra

4.1 Skilgreining

Orðið *brageyra* er skilgreint svo í *Íslenskri orðabók* (2002):

- nәмleiki fyrir því hvort ort er eftir réttum brageglum

Það þarf því ekki að koma á óvart að þetta orð er stundum notað með ýmsum lýsingarorðum, oft jákvæðum. Ef leitað er að „brageyra“ (án beygingarlýsingar) á *Tímarit.is* finnast alls 574 dæmi. Þau má svo flokka líkt og dæmin með *tóneyra* hér framar og reyna að finna orðasamböndin *hafa* (*ekki, ekkert*) *brageyra* og leita að samböndum með sömu lýsingarorðum og áður fundust með *tóneyra* í sömu heimild. Þá verður niðurstaðan eins og sýnt er í *töflu 2*:

	Dæmi alls	hafa eða hafa ekki	gott	næmt	frábært	öruggt	lélegt	ofur- næmt	ná- kvæmt	slæmt
brageyra	574	40	27	39	1	1	0	0	1	0

Tafla 2: Fjöldi dæma um orðið „brageyra“ á Tímarit.is og nokkur lýsingarorð sem þar standa með því (sbr. líka töflu 1).

Samanburður við niðurstöðuna fyrir *tóneyra* í *töflu 1* sýnir þó að hér virðist býsna oft gert ráð fyrir því að það að hafa brageyra sé spurning um „annaðhvort/eða“ og notkun með metandi lýsingarorðum er tiltölulega sjaldgæfari en með orðinu *tóneyra*.

Því hefur stundum verið haldið fram að Einar Benediktsson hafi smíðað orðið *brageyra* (sjá t.d. Kristján Árnason 2003:103) og reyndar má skilja eftirfandi orð hans svo (leturbr. mín):

- (5) Einn gimsteinn, sem vér einir eigum fram yfir allar heimsþjóðir, er stuðlagáfan, kendingin á setning þess ríms, sem á útlandu máli er kallað bókstafarím. Eg leyfi mér að kalla þessa rímvísi þjóðar vorrar **brageyra** og skal skýra nánar, með nokkrum orðum, hvað þetta nafn á hér að merkja (Einar Benediktsson 1916:2).

Í Ritmálssafni Orðabókar Háskólans er þetta elsta dæmið um orðið *brageyra*. Á *Tímarit.is* má hins vegar finna tvö eldri dæmi sem vert er að birta til fróðleiks (feitltrun mín):

- (6)a. Og hverjar eru svo þessar stóru kröfur? Helzta krafan er um yztu skurn formsins, r í m í ð. Íslendingar hafa **opið brageyra**, finna það á sér, hvort rétt er kveðið eptir „receptinu“ — en hvort málið er samstætt, still og bragarháttur hæfir efninu o. s. frv. þykir minna um vert. Því er það, að tilfinningarlaust og hugmyndasnautt bull, flotast á höfuðstöfum og stuðlum (Juvenis 1904:134).
- b. Gest **skorti brageyra** og brýtur því bág við alla smekkvísi í þeim efnunum. Honum er ekki aðeins átakanlega örðugt um stuðla og höfuðstafi, sem hreimurinn í öllum íslenzkum kveðskap styðst við, heldur er málið, sjálft orðavalið hið lakasta, mjög ósamkvæmilegt því efni, sem hann yrkir um [...] (Sigurður Sigurðsson 1905:50).

Ég veit ekki fyrir víst hver þessi Sigurður Sigurðsson er, en þetta gæti vel verið skáldið Sigurður Sigurðsson frá Arnarholti (1879–1939) því hann var byrjaður að yrkja á þessum árum og gaf út sína fyrstu ljóðabók 1906 (með Jónasi Guðlaugssyni). Þá gæti *Juvenis* sem skrifaði fyrri pistilinn (frá 1904) reyndar líka verið sami maður því sá pistill ber yfirheitið „Frá Höfn“ og vitað er að Sigurður stundaði lyfjafræðinám og lyfjafræðistörf í Kaupmannahöfn um þetta leyti. Andinn í þessum pistlum báðum er líka mjög í samræmi við það sem finna má í skrifum hans um skáldskap, því hann gerði miklar kröfur um mál og form ljóða (sjá Hannes Pétursson 1957:XIV). Í annarri umsögn um ljóðabók má lesa athugasemdir af svipuðum toga og þær sem tilgreindar voru hér frammar og höfundurinn gæti verið hinn sami Sigurður Sigurðsson (feitltrun mín):

- (7) En eitt verður höf. aldrei fyrirgefið, hvorki þessa heims né annars, og það er hroðvirknin. Frágangurinn á máli og rími verður að teljast óframbærilegur fyrir þjóð, sem er **fædd með brageyra** [...] Það er leitt að þurfa að segja um ljóðskáld, að það **vanti brageyra**; en hér verður ekki hjá því komist. Ekki nóg með það, að höf. virðist ekki hafa grun

um *breim*, *hljóðbla* eða *áherzlu* [...] heldur setur hann stuðla og höfuðstafi alveg út í bláinn (Sig.Sig. 1917:2).

Hvort sem þessi dæmi eru eftir Sigurð Sigurðsson frá Arnarholti eða ekki má af þeim ráða að orðið *brageyra* vísi þar ekki aðeins til ljóðstafasetningar heldur líka fleiri þátta bragsins, svo sem hrynjandi og ríms. Einar Benediktsson virðist aftur á móti fyrst og fremst eða eingöngu eiga við ljóðstafasetninguna í huga (stuðla og höfuðstafi) með orðinu *brageyra* eins og hann skilgreinir það (1916) og líklega er orðið oftast notað í þeirri þrengri merkingu eins og Kristján Árnason hefur bent á (2013:176–177). Á sama hátt virðast menn oftast nota orðasambandið *rétt kveðinn* til að vísa til þess að ljóðstafir séu settir á réttan hátt þótt þeir séu auðvitað ekki það eina sem skiptir máli í formföstum og hefðbundnum kveðskap.¹¹

4.2 *Brageyra og bragleysi*

Ýmsir þeirra sem hafa fjallað um *brageyra* hafa látið í ljós þá skoðun að það sé í einhverjum skilningi meðfætt. Í tilvitnuðum ummælum hér framar segir Sig. Sig. til dæmis að þjóðin sé „fædd með *brageyra*“. Svipuð ummæli má finna víðar og þar er m.a.s. látið að því liggja, eða sagt beinlínis, að flestir Íslendingar „hafi *brageyra*“, þ.e. heyrir hvort vísa er rétt kveðin eða ekki, m.a. í áður nefndri grein Einars Benediktssonar (leturbreytingar mínar):

- (8) **Allur meginþorri Íslendinga** á *brageyra* sitt ennþá ófalsað og hreint. En á síðustu tímum ber allmikið á því, einkum í Reykjavík, að þessi gáfa er að glatast hjá þjóðinni og eru til skáld hjá oss, sem ekki hafa átt **tryggt *brageyra***. Er kunnastur þeirra allra Grímur Thomsen, sem var þó að flestu leyti svo ágætlega vandur að öllu bundnu máli og fegurðarnæmur (Einar Benediktsson 1916:2).

Nú veit ég ekki til þess að gerð hafi verið nein könnun á því hve stór hluti þjóðarinnar hafi eða hafi haft *brageyra*. En það liggur í hlutarins eðli að

¹¹ Ég held að flestir eða allir geti heyrt hvort tiltekin orð eða orðhlutar ríma saman eða ekki, þótt ég viti svo sem ekki til þess að það hafi verið rannsakað. Þeir eru greinilega mun færri sem heyra hvort ljóðstafasetning er eðlileg eða ekki, þ.e. hafa *brageyra* í þessum þrengri og algenga skilningi á því orði. Næmleiki fyrir hrynjandi er áreiðanlega líka mikill, en hér verður það ekki rætt frekar.

brageyrað getur ekki þróast eða orðið til í höfði málnotenda nema það fái viðeigandi örvun, enda hafa ýmsir beinlínis bent á þá staðreynd:¹²

- (9)a. Í fljótu bragði virðast þessar reglur mjög flóknar og ekki líklegar til þess að hafa verið virkar í ljóðagerðinni. Reynslan sýnir hins vegar hið gagnstæða. Reglurnar tileinka menn sér mjög fljótt með því að læra rétt kveðnar vísur og koma sér upp því sem kallað hefur verið „brageyra“ og gerir þeim kleift að heyra hvort vísa er rétt kveðin — án þess að þurfa að kunna beinlínis reglur um stuðlasetningu (Heimir Pálsson 2001).
- b. Þrátt fyrir að höfundurinn [Hákon Aðalsteinsson] kunni engar af þeim reglum sem liggja til grundvallar fræðilegri umræðu um bragfræði er ljóst að eyrað svíkur hann ekki. Af þessu má sjá að einhvers konar tilfinning, sem ekki er lærd af bókum, skapast hjá þeim sem fást við hefðbundinn kveðskap eða hlusta tíðum á hann fluttan (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010:61).
- c. Skáldin sem best yrkja eftir þessum reglum gera það ekki vegna þess að þau kunni þær svo nákvæmlega. Þau yrkja eftir eyranu. Þau eru eins og píanóleikari sem þarf ekki að kunna mikla tónfræði en getur spilað eftir eyranu, hann heyrir um leið hvort hann slær feilnótu og þarf ekki að fletta upp í tónfræðibókinni til að gá að því. Á sama hátt er til fólk sem heyrir um leið hvort vísa er rétt kveðin eða ekki. Sagt er að slíkt fólk hafi brageyra [...] Þeir sem búa yfir brageyranu hafa alist upp við kveðskap og lært við móðurkné hvernig ljóðstafirnir þrír binda hendingar saman með mátulegum þunga (Skúli Pálsson (skulip), blogg færsla, http://skulip.123.is/blog/2013/03/26/ad_yrkja_eftir_eyranu_eda_yrkja_eftir_reglum/).

Við síðustu ummælin má gera þá athugasemd að þeir sem hafa brageyra hafa ekki bara tilfinningu fyrir hefðbundinni ljóðstafasetningu þar sem tveir stuðlar eru í ójöfnu braglínunum og einn höfuðstafur í þeim jöfnu („ljóðstafirnir þrír“), eins og í ferskeytlum til dæmis, heldur fá þeir strax tilfinningu fyrir annars konar stuðlasetningu ef bragarhátturinn er öðruvísi, geta notfært sér hana og ort undir slíkum bragarháttum. Þetta minnir á það sem áður var sagt um mismunandi tónlistarform, til dæmis hið einfalda og algenga AABA-form dægurlaga eða blúsformið, og tilfinningu

¹² Eins og Haraldur Bernharðsson hefur bent mér á er brageyrað ólíkt tóneyranu að því leyti m.a. að það er byggt á tungumálinu, einkum á reglum þess um áherslu og á hljóðkerfinu (sjá líka umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni 1981 og 2014b).

tónlistarmanna fyrir þeim. Og eins og falskur söngur sker í eyru þeirra sem hafa tóneyra, sker það strax í eyru þeirra sem hafa brageyra ef einhver er að reyna að setja saman vísu að hefðbundnum hætti en „setur [...] stuðla og höfuðstafi alveg út í bláinn“ eins og Sig. Sig. orðar það í (7) hér framar. En þegar þeir sem hafa brageyra hlusta á skáldskap sem ekki er ætlað að lúta neinum hefðum bundins máls verkar það ekki truflandi á þá, ekki frekar en rapptónlist sem fylgir ekki tilteknum laglínunum sker í eyru þeirra sem hafa tóneyra. Það eru því ákveðin líkindi milli þess að hafa brageyra og tóneyra, enda hafa sumir látið sér detta í hug að þarna séu tengsl á milli:

- (10) Gestur hefir verið ósöngvinn maður og gætir þess víða [...] Þessi ósöngvi er einkennileg um Gest, sem var Íslendingur; þeir eru færri, sem finna það ekki „á sér“ þ.e.a.s. heyra það á hljómunum, hvort rétt er kveðið (Sigurður Sigurðsson 1905:50).

Hér kemur aftur fram sú hugmynd að meirihluti Íslendinga hafi brageyra en jafnframt að einhver tengsl hljóti að vera á milli brageyra og tóneyra. Það er þó ekki augljóst mál.

Hér framar var því haldið fram, og sú staðhæfing studd tilvísunum í rannsóknir, að sumir væru raunverulega **laglausir**. Það merkir þá að þótt áreiti af réttu tagi (og á réttum tíma) sé **naðsynlegt skilyrði** fyrir því að menn komi sér upp tóneyra virðist það ekki vera **nægjanlegt skilyrði**, ólíkt því sem yfirleitt er haldið fram um máleyra eða máltilfinningu (í þröngum skilningi) og mállegt áreiti á máltökuskeiði. Spurningin er þá sú hvort einhverjir eru í raun **braglausir** í þeim skilningi að þeim dugi ekki að alast upp við hefðbundinn kveðskap til þess að þeir öðlist brageyra.¹³ Ýmislegt bendir til þess að svo sé, t.d. eftirfarandi játningar:

- (11) a. Ég er því miður ekki svo heppinn að hafa þennan næmleika fyrir kveðskap, því ég þarf helst að setjast niður með reglustiku og blýant til að átta mig á því hvort eitthvað er rétt stuðlað eða ekki. En þeir menn og konur eru til sem hafa þetta í blóðinu, að því er virðist, og heyra það um leið hvort vísa eða kvæði er rétt stuðlað og rímað (Kristján Árnason 2003:103).
b. Þessi hæfileiki til að heyra hvort vísa er rétt kveðin er leyndardómur

¹³ Ég ímyndaði mér um tíma að ég hefði fyrstur manna gripið til þess að nota orðið *braglaus* til samræmis við orðið *laglaus* og fannst það talsvert snjallt hjá mér. Svo rakst ég á það að Þórarinn Eldjárn hafði einmitt notað orðið í þessari merkingu fyrir svo sem þrjátíu árum (1987). Ekki þurfti það að koma á óvart.

að nokkru leyti. Ég trúi ekki að hann sé meðfæddur, heldur frekar að hann verði að þroska í bernsku [...]

Mín bragfræði er lærd. Ég get hnoðað saman rétt kveðinni vísu en hef ekki þetta brageyra. Ég er svosem fljótur að átta mig á hvort vísu er rétt kveðin en það er vegna þess að ég hef lært reglurnar og æft mig að vera snöggur að beita þeim. Reyndar ólst ég upp við kveðskap að einhverju leyti, eða eins og hægt er að búast við að borgarbarn á síðari hluta 20. aldar hafi gert. *Vísnaþókin* var á heimilinu og mikið lesin. Sumt úr henni lærði ég og hef kunnað síðan. Í mínum barnaskóla var ætlast til að maður lærði utan að einhvern helling úr bláu skólaljóðunum. Svo kom afi minn stundum í heim-sókn og fór með vísur. Hann var alvöru hagrýðingur. Hann þurfti ekki að hugsa sig um þegar hann orti, hann gat kastað fram stöku án þess að hugsa um reglur en aldrei hefði hann látið út úr sér rangt kveðna vísu. Bragfræði lærði ég í menntaskóla af bókinni *Bragur og ljóðstill* eftir Óskar Halldórsson. Eftir henni fór ég lengi í öllum mínum kveðskap ((Skúli Pálsson (skulip), blogg færsla, http://skulip.123.is/blog/2013/03/26/ad_yrkja_eftir_eyranu_eda_yrkja_eftir_reglum/)).

Hér tala (skrifa) tveir einstaklingar sem hafa mikinn áhuga á kveðskap og bragfræði og hafa alist upp við hefðbundinn kveðskap en það hefur ekki dugað sem ilag til þess að þeir þróuðu með sér brageyra. En nú vill svo til að báðir þessir menn eru miklir áhugamenn um tónlist, eru tónvissir og hafa t.d. lengi sungið í karlakórum (annar í Fóstbræðrum og hinn í Karla-kór Reykjavíkur). Tengslin á milli tóneyra og brageyra geta því ekki verið alveg bein.

En menn hafa líka bent á tengslin á milli brageyrans og máleyrans, m.a. þeir tveir sem hér var síðast vitnað til:

- (12) a. Hér er hliðstæðan við málfræðina býsna augljós: Málnotendur hafa tilfinningu fyrir því hvort orð eru borin fram, beygð eða raðað upp eftir þeirri venju sem þeim er töm, án þess að geta endilega útskýrt á fræðilegan hátt hver sé munurinn á „rétttri“ (reglulegri) málnotkun og „rangri“ (óreglulegri). Málreglurnar hafa sem sé tvær hliðar, annars vegar er þeim fylgt, og hins vegar gera málfræðingar tilraunir til að skýra þessar reglur og eðli þeirra. Og með sama hætti hafa bragreglur tvær hliðar: annars vegar er þeim er þeim fylgt með (tiltölulega) þegjandi samkomulagi „bragnotenda“ (skálda

og unnenda skáldskapar), og hins vegar er þeim lýst með bragfræðilegum hugtökum sem fræðimenn búa til (Kristján Árnason 2013:177).

- b. Þetta [þ.e. það að þróa með sér brageyra, tilfinninguna fyrir því hvort eitthvað er rétt kveðið eða ekki] er eins og með tungumál: þeir sem læra annað mál fyrir kynþroskaaldur munu upp frá því tala það eins og móðurmálið. Ég er viss um að á barnsaldri eru einhverjar heilastöðvar móttækilegar fyrir bragfræði, þær mótast ef þær fá hæfilega þjálfun. Síðan læsast þær ((Skúli Pálsson (skulip), blogg færsla, http://skulip.123.is/blog/2013/03/26/ad_yrkja_eftir_eyranu_eda_yrkja_eftir_reglum/).

Þetta eru ágætar ábendingar, ekki síst sú hugmynd sem sett er fram í (12b) að brageyrað sé tengt ákveðnum heilastöðvum og geti því aðeins þróast að það fái viðeigandi ílag á tilteknu næmiskeiði sem sé hliðstætt því sem virðist skipta mestu máli í máltöku (sjá umræðu í kafla 3.1 hér frammar). Það væri auðvitað gaman ef hægt væri að rannsaka þetta nánar.

Loks má nefna að þótt hagyrðingar séu jafnan sammála um það í aðalatriðum hvort tiltekin vísa sé rétt kveðin eða ekki, greinir þá stundum á um smáatriði. Með því á ég við ágreining sem stafar af því að einum kann að heyrast eitthvað vera rétt kveðið sem öðrum finnst einhver smávægilegur galli á. Ef brageyrað þróast við tiltekið ílag líkt og máleyrað er ekkert ólíklegt að það geti myndast einhver einstaklingsbundinn munur á brageyrum eins og í máltilfinningu (sjá umræðu í kringum (4) hér frammar). Þetta er líka verðugt rannsóknarefni.¹⁴

5. Dregið saman

Nú hefur verið bent á ýmislegt sem er líkt og ólíkt með þeim „þrem eyrum“ sem eru til umræðu. Aðalatriðin í því má draga saman líkt og gert er í *töflu 3*:

¹⁴ Hér á ég ekki við ágreining sem stafar af skýrum framburðarmun einstaklinga á borð við það að *hv*- stuðlar aðeins við *k*- en ekki *h*- í máli þeirra sem hafa *kv*-framburð en við *h*- hjá þeim sem hafa *hv*-framburð (sjá umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni 1981 og 2014b og í ritum sem þar er vísað til). Aftur á móti gæti tilfinning fyrir því hvort *sn*- stuðlar aðeins við *sn*- eða líka við *s*- á undan sérhljóði, eða þá við *st*-, verið „bragmállyskubundin“ á þennan hátt.

	eyra		
	tón-	mál-	brag-
1 hæfileikinn til að þróa „eyrað“ er meðfæddur	já	já	já
2 allir heilbrigðir einstaklingar hafa þennan hæfileika	nei	já	nei(?)
3 hæfileikinn („eyrað“) tengist ákveðnum heilastöðvum	já	já	?
4 „eyrað“ þróast (verður til) við viðeigandi áreiti og án beinnar tilsagnar	já	já	já
5 „eyrað“ getur þróast á mismunandi vegu (tilbrigði)	nei(?)	já	já(?)
6 frávik skera í „eyrað“	já	já	já
7 hægt er að þjálfra „eyrað“ á markvissan hátt og gera það næmara	já	já	já

Tafla 3: Þrenns konar eyru borin saman.

Ég býst við að ýmsir kunni að mótmæla samantektinni í *töflu 3* þótt margt af því sem þar er haldið fram styðjist við ýmiss konar rannsóknir og vitnisburð málsmetandi manna eins og hér hefur verið rakið. Spurningarmerkið í tóneyradálkinum vísar einkum til þess að kannski hefur sú tónlist sem menn alast upp við áhrif á það hvers konar tóneyra þeir þróa með sér. Annars eru yfirleitt ekki áberandi „tilbrigði“ í því hvað þeim sem hafa tóneyra finnst hljóma falskt og hvað ekki. Auðvitað eru menn þó mismenir fyrir því eins og kunnugt er, enda sumir lagvaltari en aðrir. En í lokin má víkja svolítið nánar að þeim spurningum sem er ósvarað varðandi eðli brageyrans.

Í fyrsta lagi hefur ekki verið sýnt fram á það með tilraunum að sumir séu braglausir í eðli sínu (sjá 2. línu í *töflu 3*), en tilraunir hafa sýnt að sumir hafa svo ónæma tónskynjun að vel má kalla þá laglausa (sjá umræðu í kringum *mynd 1* hér framar). En sú staðreynd að sumir hafa ekki þróað með sér brageyra þótt þeir hafi alist upp við hefðbundinn kveðskap og hafi mikinn áhuga á honum bendir til þess að braglausir menn kunni að vera til, hvernig sem á því stendur.

Í öðru lagi vitum við alls ekki hvort brageyrað tengist tilteknum heilastöðvum (sjá línu 3 í *töflu 3*). Það má þó telja líklegt í sjálfu sér og með nútímatækni ætti að vera hægt að kanna það. T.d. má hugsa sér að láta þá sem ótvírætt hafa brageyra hlusta á rétt kveðnar og rangt kveðnar vísur og

kanna um leið hvaða heilastöðvar virkjast þegar það er gert (sjá yfirlit yfir taugamálfræðilegar aðferðir hjá Ahlsén 2006 til dæmis).

Í þriðja lagi væri gaman að kanna á markvissan hátt hvort „bragmállýskur“ eru raunverulegt fyrirbæri, svona líkt og einstaklingsbundinn munur á máltilfinningu (sjá línu 5 í töflu 3). Mér finnst líklegt að svo sé.

HEIMILDIR

- Ahlsén, Elisabeth. 2006. *Introduction to Neurolinguistics*. Benjamins, Amsterdam.
- Dalla Bella, Simone, Magdalena Berkowska og Jakub Sowiński. 2011. Disorders of Pitch Production in Tone Deafness. *Frontiers in Psychology* 2011(2):1–11.
- Eiður Svanberg Guðnason. 2012. Viðtal í *Fréttablaðinu* 3. september, bls. 16.
- Einar Benediktsson. 1916. Brageyra. *Þjóðstefna* 22. júní, bls. 2. [Reyndar er greinin birt þarna undir dulnefninu *Glúmur*, en endurprentuð í ritgerðasafni Einars Benediktssonar, *Laust mál*, sem Steingrímur J. Þorsteinsson sá um og kom út hjá Ísafoldarprentsmiðju 1952.]
- Eiríkur Kjerulf. 1947. Íslensk tunga. *Lesbók Morgunblaðsins* 11. maí, bls. 145–151.
- G.J. 1933. Bókarfregn um *Ensk-íslenska orðabók* eftir Geir T. Zoëga. *Vísir* 23. september, bls. 2.
- Guðmundur G. Hagalín. 1932. Ritdómur um bókina *Bárujárn* eftir Sig. B. Gröndal. *Skutull* 21. október, bls. 2.
- Hannes Pétursson. 1957. Sigurður Sigurðsson. Í inngangi að bókinni *Fjögur ljóðskáld*, bls. XI–XXI. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Heimir Pálsson. 2001. Bragfræði. *Alfræði íslenskrar tungu. Íslenskt margmiðlunarefni fyrir heimili og skóla*. Námsgagnastofnun, Reykjavík. [Einnig aðgengileg á slóðinni <http://www.sagamap.hi.is/grein.php?id=501>.]
- Höskuldur Þráinsson. 1981. Stuðlar, höfuðstafir, hljóðkerfi. Guðrún Kvaran, Gunnlaugur Ingólfsson og Svavar Sigmundsson (ritstj.): *Afmælikveðja til Halldórs Halldórssonar 13. júlí 1981*, bls. 110–123. Íslenska málfræðifélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2000. Hvernig öðlast menn máltilfinningu og hvaða máli skiptir hún? Heimir Pálsson (ritstj.): *Lestrarbókin okkar. Greinasafn um lestur og læsi*, bls. 131–142. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands og Íslenska lestrarfélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2013. Málfræðibylting Chomskys. Höskuldur Þráinsson og Matthew Whelpton (ritstj.): *Chomsky – Mál, sál og samfélag*, bls. 47–69. Hugvísindastofnun og Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2014a. Málvernd, máltaka, máleyra — og PISA-könnunin. *Ritið* 2/2014:153–182.
- Höskuldur Þráinsson. 2014b. Stuðlar, hefðarreglur, hljóðkerfi. *Íslenskt mál* 36:95–120.
- Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). 2015. *Tilbrigði í íslenskri setningagerð. II. Helstu niðurstöður. Tölfræðilegt yfirlit*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Íslensk orðabók. 2002. Þriðja útgáfa aukin og endurbætt. Ritstjóri Möður Árnason. Edda, Reykjavík.

- Jón Helgason. 1944. Að yrkja á íslenzku. *Tímarit Máls og menningar* 5(3):217–251. [Endurprentað í bókinni *Ritgerðarkorn og ræðustúfar* 1–38. Félag íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn, Reykjavík, 1959.]
- Juvenis. 1904. Frá Höfn. 11. Stórar kröfur. *Þjóðólfur* 5. ágúst, bls. 133–134.
- Kristján Árnason. 2003. Gegn oftrú á stuðlana. Bergljót Soffía Kristjánsdóttir og Matthías Viðar Sæmundsson (ritstj.): *Skorrdæla, gefin út í minningu Sveins Skorra Höskuldssonar*, bls. 103–117. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 2005. *Hljóð. Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði*. Meðhöfundur Jörgen Pind. Íslensk tunga I. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 2010. Um formgildi og tákngildi íslenskra ljóðstafa. *Són. Tímarit um óðfræði* 8:137–169.
- Kristján Árnason. 2013. *Stíll og bragur. Um form og formgerðir íslenskra texta*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Magnús Árnason. 1965. 75 ára. Ingvar Árnason á Bjalla í Landssveit. *Tíminn* 9. mars, bls. 8.
- Miendlarzewska, Eva A., og Wiebke J. Trost. 2014. How Musical Training Affects Cognitive Development: Rhythm, Reward and Other Modulating Variables. *Frontiers in Neuroscience*, grein 279, janúar. [Aðgengileg í gegnum slóðina <https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/2467242>.]
- Óskar Ó. Halldórsson. 1972. *Bragur og ljóðstíll*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Peretz, Isabelle, Stéphanie Cummings og Marie-Pierre Dubé. 2007. The Genetics of Congenital Amusia (Tone Deafness): A Family-Aggregation Study. *The American Journal of Human Genetics* 81(3):582–588.
- Pfordresher, Peter Q., og Steven Brown. 2009. Enhanced Production and Perception of Musical Pitch in Tone Language Speakers. *Attention, Perception, & Psychophysics* 71(6): 1385–1398.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2010. *Tólf alda tryggð. Athugun á þróun stuðlasetningar frá elsta þekktum norrænum kveðskap fram til nútímans*. Doktorsritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Sacks, Oliver. 1995. Musical Ability. *Science* 268:621.
- Sigríður Magnúsdóttir. 2005. Málstol, málfræðistól og setningafræði. Höskuldur Þráinsson (ritstj.): *Setningar. Handbók um setningafræði*, bls. 656–670. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 2005. Máltaka og setningafræði. Höskuldur Þráinsson (ritstj.): *Setningar. Handbók um setningafræði*, bls. 636–655. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 2013. Máltaka barna og meðfæddur málhæfileiki. Höskuldur Þráinsson og Matthew Whelpton (ritstj.): *Chomsky: mál, sál og samfélag*, bls. 107–127. Hugvísindastofnun og Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Sigurður Guðmundsson. 1916. Matthías átræður. *Skírnir* 90:1–16.
- Sigurður Sigurðsson. 1905. Gestur Pálsson og ljóðagerð hans. *Ingólfur* 2. apríl, bls. 50–51.
- [Sigurður] Sigurðsson. 1917. Bókarfregn um bókina *Ljóð og sögur* eftir Axel Thorsteins-son. *Ísafold* 3. mars, bls. 2.
- V.S. 1973. Vísindi og mannúð. Ritdómur um bókina *Bókin um barnið* eftir Benjamin Spock í þýðingu Bjarna Bjarnasonar. *Tíminn* 12. desember, bls. 19.
- Willson, Kendra. 2008. Jónas og hlébarðinn. Ljóðstafir og viðtökur ljóðapýðinga. *Jón á Bægisá – Tímarit um þýðingar* 12:72–100.

Yip, Moira. 2002. *Tone*. Cambridge University Press, Cambridge.

Þorgeir Tryggvason. 2011. Athugasemd við pistilinn „Molar um málfar og miðla 496“.

Slóðin er <http://blog.pressan.is/esg/2011/01/09/molar-um-malfar-og-midla-496/>.

Pórarinn Eldjárn. 1987. Rím án stuðla? *Alþýðublaðið* 7. október, bls. 4.

Þórunn Guðmundsdóttir. 1960. Viðhorf til ljóðagerðar. *Tíminn* 7. desember, bls. 8–9, 13.

SUMMARY

‘Three “ears”’

Keywords: musicality, tone deafness, linguistic intuition, ear for alliteration, critical period

This paper compares three types of “ears”: Having an “ear” for music (vs. being tone deaf), having an “ear” for language (mainly in the sense of having linguistic intuitions) and having an “ear” for the seemingly complex rules for alliteration in traditional (Icelandic) poetry. It is maintained that the development of all three “ears” depends to a large extent on the right kind of stimulus at an early age (cf. ideas about a critical period in language acquisition). It is then argued that just as tone deafness (or amusicality) has been shown to exist, it seems that “alliteration deafness” also exists. “Linguistic deafness” does not exist in the same sense, on the other hand, since all normal humans develop linguistic intuitions. It is pointed out that it would be interesting, and presumably possible, to investigate whether sensitivity to alliteration rules can be localized in the brain, just as sensitivity to music and different aspects of linguistic abilities have been localized.

Höskuldur Þráinsson

Íslensku- og menningardeild

Háskóla Íslands

IS-101 Reykjavík, ÍSLAND

hoski@hi.is